

Hverfisnefndarfundur Oddeyrar 8.10.2008

43. fundur

Fundarstaður Oddeyrarskóli. Mættir voru Auður, Erlendur, Hildur, Jónas, Hjalti og Ingibjörg. Fundur var settur kl. 16.30.

Fundarmál:

Hugmyndavinna er koma að breyttu deiliskipulagi á Kelduhverfinu og hafnarsvæðinu svo og endurskilgreiningu á hlutverki hverfisnefnda.

Okkar áherslur í breyttu deiliskipulagi Kelduhverfis og hafnarsvæðisins:

- Viljum fyrst og fremst sjá þarna íbúabyggð.
- Greið umferð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Opna betur aðgengi að sjónum.
- Stórar lóðir svo hægt sé að fjölga stærri eignum á Oddeyrinni.
- Viljum alls ekki háreista byggð – 3-4 hæðir algjört hámark. Má ekki loka fyrir útsýnið á byggðina sem er þarna fyrir.
- Að gerðir verða póstar með upplýsingum um sögu hverfisins.
- Að götummynd Gránufélagsgötu verði fegruð og að þar verði komið skipulögð byggð fyrir smásöluverslun og þjónustu s.s. kaffihús og gallerí sem tengist miðbæjarsvæðinu. Að þar verði menning og stemming sem setji tóninn fyrir þann fjölda ferðamanna sem hér koma með skemmtiferðaskipunum.
- Útisvistarvæði á Akureyrarvellingum.
- Að áhersla verði lögð á nálægðina við sjóinn.
- Að skipulögð verði lágrest bryggjuhverfi og smábátahöfn á hafnarsvæðinu.
- Mikilvægt að losna við þungaflutninga í gegnum hverfið. Færa losun Eimskips útfyrir bæjarmörkin.
- Mjókka Glerárgötuna áfram út að t.d. Greifanum.
- Setja hömlur á stækkun Eimskips. Að það svæði sé í sátt við umhverfi sitt og sé snyrtilegt.
- Mikilvægt að áfangaskipta verkefninu og fara sér ekki of geyst í framkvæmdir. Okkar tillaga er að byrjað sé á Kelduhverfinu.
- Fara varlega í byggð við ströndina svo tekið sé tillit til hækkandi yfirborðs sjávar.
- Fegra umhverfið – skreyting á umhverfinu.
- Að tenging sé gerð við miðbæinn.
- Að gerð verði húsakönnun – ekki rífa allt sem fyrir er – vel hægt að nýta eitthvað af gömlu húsnaði og gera upp á skemmtilegan hátt þannig væri t.d. hægt að endurnýta eitthvað af þessu gamla iðnaðarhúsnaði undir íbúabyggð eða aðra atvinnustarfsemi.
- Mikilvægt að nýja byggðin verði hluti af eyrinni og sé í sátt við það umhverfi sem fyrir er. Halda verður utan um séreinkenni Oddeyrarinnar sem gamalt rótgróið hverfi.

Okkar áherslur er koma að endurskilgreiningu á hlutverki hverfisnefnda:

- Fyrst og fremst að auðvelda aðgengi að bæjarapparatinu svo hægt verði að koma á framfæri málefnum er varða hverfið og eru að okkar mati mikilvæg.
- Ekki voru fleiri mál rædd og var fundi slitið kl.17.50.